

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Dalvíkurkaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 551/1987.

1. gr.

62. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*: Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 1. og 2. másl. 4. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. lög nr. 49/1990.
2. *Skodunarmenn*: Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn við alþingiskosningar*: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. *Stjórn Sparisjóðs Svarfdæla*: Einn aðalmaður og annar til vara skv. 21. gr. laga nr. 87/1985 um sparisjóði, sbr. 2. gr. laga nr. 34/1989.
5. *Kjaranefnd*: Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Kjaranefnd skal m.a. jafna eftir föngum ágreining sem kann að rísa milli samningsaðila á samningstíma og gera tillögur um laun og starfskjör aðila á samningstíma.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*: Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985 og skv. samkomulagi frá júlí 1986 og staðfestingu ráðuneytis frá 18. júlí 1987.
2. *Atvinnumálanefnd*: Fimm aðalmenn og fimm til vara. Atvinnumálanefnd starfar skv. erindisbréfi bæjarstjórnar frá 30. ágúst 1990. Nefndin fer einnig með málefni nefndar um vinnumiðlun skv. lögum nr. 18/1985.
3. *Búfjárnefnd*: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Búfjárnefnd starfar skv. lögum nr. 46/1991 um búfjárhald og fer jafnframt með málefni fjallskilaneftdar og riðunefndar skv. fjallskilasamþykkt fyrir Eyjafjarðarsýslu, Akureyri, Dalvík, Ólafsfjörð og Siglufjörð nr. 402/1988. Einnig starfar nefndin eftir reglugerð um búfjárhald í Dalvíkurkaupstað frá 5. ágúst 1981 og reglugerð um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki.
4. *Byggðasafnsnefnd*: Þrír aðalmenn og þrír til vara. Nefndin starfar skv. reglugerð fyrir Byggðasafn Dalvíkur frá desember 1989 og skv. þjóðminjalögum nr. 88/1989.
5. *Byggingarnefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 og reglugerð nr. 292/1979 með áorðnum breytingum. Byggingarnefnd fer einnig með málefni ferlinefndar fatlaðra.
6. *Félagsheimilisnefnd*: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 9. sept. 1986.
7. *Félagsmálaráð*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráð starfar skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Auk þess annast ráðið störf barnaverndarnefndar, skv. 6. gr. laga nr. 53/1966 og áfengisvarnarnefndar, skv. 30. gr. laga nr. 82/1969. Jafnframt fer félagsmálaráð með stjórn og rekstur leikvalla og dagvista, skv. lögum um leikskóla nr. 48/1991.
8. *Fjórðungsping Norðlendinga*: Þrír bæjarfulltrúar og jafnmargir til vara skv. samþykktum Fjórðungssambands Norðlendinga.

9. *Búfjárefirlitsmaður*: Einn fulltrúi og annar til vara, sbr. V. kafla laga um búfjárhald nr. 46/1991.
10. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*: Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.
11. *Hafnarstjórn*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
12. *Heilbrigðisnefnd*: Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
13. *Húsnæðisnefnd*: Þrjú aðalmenn og þrjú til vara, skv. 56. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990, og reglugerð nr. 46/1991 um félagslegar íbúðir og Byggingarsjóð verkamanna. Húsnæðisnefnd fer einnig með verkefni húsaleigunefndar skv. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.
14. *Íþrótt- og æskulýðsráð*: Fimm aðalmenn og fimm til vara. Ráðið starfar skv. erindisbréfi frá 14. júlí 1987.
15. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*: Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
16. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*: Einn aðalmaður og annar til vara.
17. *Skipulagsnefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. skipulagslögum nr. 19/1964 og reglugerð nr. 318/1985. Skipulagsnefnd er ráðgefandi um skipulagsmál bæjarins og fer einnig með málefni gatnanafnanefndar og umferðarnefndar, sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
18. *Skólanefnd grunnskóla*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla og samningi milli sveitarfélaga.
19. *Skólanefnd tónlistarskóla*: Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og samningi milli sveitarfélaga.
20. *Stjórn bókasafns og stjórn HSD*: Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
21. *Stjórn Dalbæjar*: Þrjú aðalmenn og þrjú til vara. Stjórnin starfar skv. samþykkt bæjarstjórnar Dalvíkur og hreppsnefnda Árskógs- og Svarfaðardalshrepps.
22. *Stjórn heilsugæslustöðvar*: Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu og samningi sveitarfélaga læknishéraðsins frá 5/12 1978.
23. *Veitunefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með málefni vatns- og hitaveitu.
24. *Ferðamálanefnd*: Þrjú aðalmenn og þrjú til vara. Nefndin starfar eftir erindisbréfi frá 30. ágúst 1990.
25. *Umhverfismálanefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. erindisbréfi frá 30. ágúst 1990 og fer einnig með þau störf sem náttúruverndarnefnd og gróðurverndarnefnd eru falin skv. lögum nr. 47/1971, sbr. 62. gr. laga nr. 108/1988, og lögum nr. 17/1965, sbr. 28. gr. laga nr. 108/1988.
26. *Þjónustuhópur aldraðra*: Fjórir aðalmenn og fjórir til vara skv. tilnefningu samráðsfundar sveitarfélaga í Dalvíkurlæknishéraði. Þjónustuhópurinn starfar skv. 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Dalvíkur hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1991.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.